



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2012, lesin á aðalfundi félagsins þann 22. apríl 2013 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 60. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði, en haldið var uppá afmælið á degi Íslenskar náttúru 16. september. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur.

Eitt árið enn var vöxtur og viðgangur trjáa nokkuð góður, enda var þetta enn eitt hlýinda sumarið og meðalhiti sumarmánuðina yfir meðallagi. Sem dæmi má nefna að 2012 var 17. árið í röð þar sem hiti er ofan meðallags í Reykjavík og 12. hlýjasta ár frá upphafi samfelldra mælinga frá því 1871. Hæsti hiti ársins mældist á Eskifirði 9. ágúst 28,0 stig. Í byggð mældist hiti lægstur í Svartárkoti á jóladag, 25. desember, -24,6 stig. Úrkoma í Reykjavík mældist 950,8 mm en það er um 19% yfir meðallagi, þar af féllu 54,6 mm á einum degi, 29. desember. Úrkoma hefur aldrei mælst svo mikil á einum sólarhring í mælireit Veðurstofunnar í Reykjavík. Mjög votviðrasamt var á landinu fyrstu þrjá mánuði ársins og sömuleiðis í september en með þurrviðrasamasta móti í maí, júní og júlí. Talsverður snjór var í janúar, en mjög snjólétt var um land allt frá og með febrúar og til vors. Haust og vetrarbyrjun var snjólétt um landið sunnanvert. Ársvöxtur flestra tegunda var vel yfir meðalvexti.

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á árinu. Þar af einn í vettvangsferð um Hellisskóg.

Aðalfundur 2012 var haldinn 23. apríl í Árvökum, starfsmanna húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins. Á fundinum voru haldinn venjubundinn aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt þar sem þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um 60. ára afmælis árið sem var framundan og hvað hægt væri að gera á þessum tímamótum. Stefnt á að hafa dag þar sem almenningi væri boðið í skógargöngu og veitingar í lokinn í Hellinum. Á fundinum var boðið uppá skógarsúpu að hætti Snorra ritara með skógarsveppum eins og undanfarin ár.

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærðar þær breytingar sem orðið hafa frá síðasta ári, samkvæmt skránni eru um 140 manns skráð í félagið. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2013. Borin voru út félagsskírteini sem einnig eru afsláttarkort á vegum Skf. Ísl. Meðfylgjandi voru einnig tveir miðar,



Jens með fangið fullt af plöntum

annars vegar miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið 1000 kr. beint inn á reikning félagsins. Hinn miðinn var frá Skf.Ísl. þar sem félagsmenn eru hvattir til að senda inn netföngin sín þannig að hægt sé að senda þeim fréttabréfið Laufblað rafvætt.

Þetta árið var talsvert magn af plöntum plantað í Hellisskógi. Félagið keypti plönturnar af skógarplöntuframleiðendum í Hvammi í Hrunamannahrepp, Sólheimum í Grímsnesi og frá Kvistum í Biskupstungum. Einnig fékkst hluti plantna úr úthlutun frá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntutegundir í töflu 1.

Tegund	kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framl.	Fjöldi
Skógarfura	Flatanger Nor	1/0	Fp40	Hvammur	80
Sitkagreni	ÞD x Homer	1/0	Fp40	Kvistar	605
Birki	Reykholt	1/0	Fp40	Kvistar	1000
Reynir	Reykholt	2/0	Fp35	Kvistar	105
Ösp	Ymis kvæmi	1/0	Fp35	Sólheimar	210

Tafla 1 sýnir plöntur 2012

Samtals 2000


Þegar allt er talið var plantað um 2000 plöntur í Hellisskógi árið 2012.

Tvö vinnukvöld voru haldin í sumar, 11. og 13. júní þar sem félagsmenn mættu og gróðursetu u.þ.b. 2000 plöntur. Vinnukvöldin voru m.a. auglýst á heimasíðu félagsins www.hellisskogur.is og á dreifimiðum sem bornir voru út til félagsmanna. Mæting á vinnukvöldin var ágæt. Bæði kvöldin var veður gott milt og þurrt. Var gróðursett í gamla jarðvinnslu í NA hornið upp af Hellinum. Einnig var plantað birki og ösp á flöt NA við Hellirinn, skammt austan við þar sem malborinn vegur endar. Áburður var borin jafn óðum á nýgróðursetta plöntur.



Vinnukvöld í Hellisskógi

Í júní fór að bera á óværu í birkiblöðum, sem lýsti sér þannig að blöðin urðu brún að hluta. Þetta reyndist vera lirfa sem kölluð er birkismuga. Kvendýrið verpir eggjum sínum undir yfirhúð laufblaða þar sem egginn klekjast út. Lirfan étur laufblaðið svo innan frá þannig að blaðið verður brúnleitt og hálfgegnsætt. Þegar lirfurnar eru orðnar nógu stórar yfirgefa þær blaðið, síga niður í jarðveginn og púpa sig þar. Fiðrildið liggur í dvala sem púpa yfir veturinn sem klekjast út á vorin. Fiðrildið flýgur svo af stað í leit að birkiblaði til að verpa í. Afleiðingarnar



Birkismuga

eru þær að blöðin verða brúnleit og hálf-gegnisæ, enda er blaðholdið sem á heilbrigðum blöðum heldur efra og neðra borðinu saman alveg horfið. Ef blaðið er tekið og skoðað vel, sjást lifurnar auðveldlega innan í blaðinu. Einnig má sjá svartar trefjar sem ganga aftan úr lifrunni, og sjást trefjarnar eftir að lifran hefur yfirgefið blaðið.

Grisjað var 4m. hátt birki frá grenitryám sem staðsett eru á milli vegar og gamals túns sem nær frá bílplaninu við mynnismerkið um Júlíus og í átt að fyrirhuguðu vegstæði þjóðvegur nr. 1. Einnig var ungur birkiskógur grisjaður á nokkrum stöðum þar sem að þörfin á grisjun var hvað mest.

Tekið var á móti nokkrum hópum af ferðmönnum á árinu þar sem að fólki er sýnd ræktunarstarfið, inn á milli eru hópar af gömlum Selfyssingum sem oft á tíðum eru undrandi á þeim árangri sem náðst hefur í Helliskógi. Einnig er farið að bera á öðrum gestum í skóginum sem ekki eru eins velkomnir. Um er að ræða kanínur sem sést hefur til. Mest eru þær áberandi nærri hliðinu inn í skóginn. Rétt væri að sveitarfélagið tæki strax á málinu áður en vandamálið verður orðið óviðráðanlegt.

Með aukinni umferð gangandi fólks á stígum hefur álagið á stígana aukist og viðhald á þeim orðið árlegt. Í sumar voru tveir ungir menn sem störfuðu fyrir skógræktarfélagið í Hellisskógi. Sveitarfélagið Árborg útvegaðu félaginu þessa starfskrafta. Komu þeir að fjölmörgum verkefnum sem voru orðin aðkallandi í skóginum. Helstu verkefni þeirra voru að setja mól í stíga í trjásafninu sem margir hverjir voru að hverfa í gróðri. Í framhaldinu var haldið áfram þar sem frá var horfið síðastliðið sumar við malarburð og lögð áhersla á að bera í fjölförnustu göngustígana. Borinn var moldarblandaður mulningur úr Ingólfsfjalli í stígana, samtals átta vörubíslhöss. Lagfæring fór fram á ræsum og brúm þar sem m.a mól hafði byrjað að hindra vatnsrennsli. Slegin var lúpína með sláttuorfi á kafla þar sem að hún var að yfirtaka göngustíga. Einnig komu þeir að slætti meðfram göngustígum og var Hellisbrúin slegin með sláttuorfi og gerð aðgengilegri fyrir gangandi og hlaupandi umferð. Bekkir og borð voru fúavarin og lagfærð. Settir voru niður sex setbekkir meðfram göngustígum. Á nokkrum stöðum þurfti að klippa trjágróður sem var farinn að hindra umferð gangandi fólks á stígum. Gróðurinn er farinn að vaxa svo hratt síðustu árin svo þetta verður alltaf meira verk. Hellirinn var lagfærður og næsta umhverfi hans snyrt og njóli fjarlægður úr skóginum. Voru þeir við störf í tæpa tvo mánuði, í júní og júlí. Verið er að skoða með kaup á vélknúnum hjólbörum fyrir félagið. Umsjónamaður með verkunum og verkstjóri var Ólafur Hákon.

Í haust voru stunginn upp fjölmörg c.a 3 metra há birkitré úr væntanlegu vegstæði sem liggja á frá Biskupstungnabraut og inn í skóginn strax fyrir austan gömlu Hellisbrúnna. Fyrirhugað er að vegurinn verði malborinn í vetur.



Afmæliskaffi í Hellisskógi.
Mynd stolin af vefnum.

Framkvæmdasvið sveitarfélagsins lét heflla veginn upp að Helli. Áhaldahúsið var okkur innan handar og voru boðin og búin að koma með traktorsgröfu til að færa til mulning sem notaður var í göngustíga.

Haldið var upp á 60 ára afmæli félagsins sunnudaginn 16. september á degi Íslenskrar náttúru. Afmælið var auglýst í staðarblöðum í samvinnu við menningarnefnd Árborgar. Safnaðist fólk saman við minnismerkið um Júlíus, þar ávarpaði Snorri Sigurfinnsson gesti of sagði frá tilurð félagsins. Sveitarfélagið Árborg gaf félaginu eitt Hlyntré sem gróðursett var síðar vestan við minnimerki um Júlíus. Síðan hófst ganga um skóginn undir stjórn Snorra, var m.a. væntanlegt vegstæði þjóðvegur 1 skoðað. Staðnæmst var við lúpínubreiðu á móts við Hellisbrúnna skammt frá fyrirhuguðu vegstæði. Þar gróðursetti göngufólk tuttugu stk. 1 m. háar birkiplöntur sem félagið hafði keypt í Gróðrarstöðinni Kvistum. Haldið var áfram sem leið lá upp að Hellinum þar sem boðið var uppá afmæliskaffi.



Lagður var vegur inn i reit Lionsklúbbs Selfoss að norðan verðu. Farið var með veginn frá Hrafnaklettum og þvert yfir skurðinn og inn í reitinn. Útvegaði skógræktarfélagið ræsi í skurðinn, en klúbburinn sá um lagningu á veginum og bar mól í vegstæðið. Í framhaldinu byrjuðu Lions menn að grisja reitinn sem þeir hafa umsjón með. Ætla þeir að fara nota reitinn meira á næstunni.

Tvisvar á árinu átti fulltrúi motorcross manna á Selfossi fund með formanni félagsins, einnig kom hann á fund stjórnar félagsins og kynnti þá stöðu sem motorcross menn eru í varðandi nýjan þjóðveg nr.1 í gegnum Hellisskóg. Við lagningu vegarins munu vélhjólamenn missa þá aðstöðu sem þeir hafa við Steypustöðina í dag. Viðraði hann hugmyndir um að fá u.þ.b 4 ha. Land á vesturhluta svæðis okkar við Sorpstöðina. Tók stjórn dræmt í málaleitan hans þar sem menn telja þetta fara illa saman, mótörhjól og kyrrð útivistarsvæðisins.

Félagið er í samvinnu við nokkra skóla á öllum skólastigum í sveitarfélaginu um að vinna að svo kölluðu Grenndarskógarverkefninu, þar sem að börnum verður kennt að nota náttúruna í auknu mæli til kennslu á öllum skólastigum.

Um miðja mars setti Daði Garðarsson á Selfossi sig í samband við félagið og lagði til að félagið myndi sækja um styrk til uppbyggingar í Hellisskógi. Send var inn umsókn.

Sveitafélagið Árborg hefur haft samband við félagið og lýst yfir áhuga á að fá stínga upp tré í Helliskógi í vor.

Á komandi ári verði helstu verkefni eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi, samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í uppbyggingar og ræktarstarfinu.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss, Björgvin Örn Eggertsson¹, formaður.

Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson² ritari, Örn Óskarsson² gjaldkeri, Hermann Ólafsson¹ og Ólafur H. Guðmundsson² varamenn.

¹ Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn.² Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.